

Miðvikudaginn 8. janúar 1992.

Nr. 505/1991. **Björn Öundurson**

gegn

Rannveigu Þ. Sigurðardóttur.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Kærufrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur mánudaginn 18. nóvember 1991, í málinu nr. 13060/1990, þess efnis, að sóknaraðila sé sem vitni skylt að svara tilteknum spurningum. Spurningar þessar varða afgreiðslu lækna ráðs á tilteknu erindi, en sóknaraðili situr í lækna ráði. Kæruheimild er c-liður 1. tl. 1. mgr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Úrskurðurinn var án forsendna og hljóðar svo:

„Vitninu Birni Öundarsyni er skylt að svara spurningum nr. 4, 5 og 7-15 á dskj. nr. 54.“

Krafa sóknaraðila er, að úrskurðinum verði hrundið og sér verði ekki talið skylt að svara spurningunum. Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum er þess krafist, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað í hæstaréttarmálinu, eins og ekki hefði verið veitt gjafsóknarleyfi í aðalmálinu.

Sóknaraðili heldur því fram, að kæran til Hæstaréttar hafi verið tilbúin og undirrituð milli kl. 16 og 17 mánudaginn 2. desember 1991. Skrifstofa héraðsdómarans hafi þá verið lokað, og hafi hann ekki getað skilað henni fyrr en daginn eftir. Sóknaraðili vísar til 94. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði því til stuðnings, að héraðsdómara hafi borið að halda skrifstofu sinni opinni til kl. 21.00. Ekki er fram komið, að sóknaraðili hafi reynt að koma kærinni til skila fyrir þann tíma.

Sóknaraðili var viðstaddur uppkvaðningu hins kærða úrskurðar, og leiðbeindi dómari honum um kærufrest. Sóknaraðila bar því samkvæmt 22. gr. laga nr. 75/1973 að afhenda héraðsdómara kæru, áður en tvær vikur voru liðnar frá uppsögu dómsathafnar, þ.e. í

síðasta lagi mánudaginn 2. desember 1991. Kærufrestur var liðinn, er kæra sóknaraðila var afhent héraðsdómara 3. desember 1991. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, 20.000 krónur, sem renni í ríkissjóð, og er þá tekið tillit til virðisaukaskatts. Kostnaður varnaraðila af meðferð málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, 16.000 krónur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp hinn kærða úrskurð ásamt meðdómsmönnum, læknum Sigurði Guðmundssyni og Sigurgeiri Kjartanssyni.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Björn Öundurson, greiði 20.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð.

Kostnaður varnaraðila fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Viðars Mátthíassonar hæstaréttarlögmanns, 16.000 krónur.